

Fundur í Hamraskóla 1. febrúar 2012

1. Fundarstjóri, Elísabet Gísladóttir formaður íbúasamtaka Grafarvogs, setur fundinn kl. 17.30 og býður fólk velkomið og kynnir borgarfulltrúa.

Mættir voru ásamt foreldrum og öðrum fundargestum Oddný Sturladóttir formaður skóla- og frístundaráðs, Einar Örn Benediktsson fulltrúi í stjórn Strætó bs., Óttar Proppé fulltrúi í skóla- og frístundaráði og Eva Einarsdóttir fulltrúi í skóla- og frístundaráði.

2. Formaður skóla- og frístundaráðs, Oddný Sturladóttir, tekur til máls.

Horft til upphafs þessarar vinnu sem snýr að breytingum sem eru framundan næsta haust í sunnanverðum Grafarvogi en hugmyndin teygir sig talsvert langt aftur í tímann. Almenn umfjöllun um undirbúning og það ferli sem starfað hefur verið eftir vegna sameininga og breytinga í skólamálum borgarinnar. Samráð haft við fjölmarga aðila og ýmsar ábendingar sem komið hafa í kjölfarið. Mikið verið rætt og spurt um faglegan og fjárhagslegan ávinning breytinganna en þessir þættir voru hafðir að leiðarsljósi í greiningarvinnunni. Um 140 milljón króna hagræðing vegna sameininga og breytinga á þessu ári og talan mun hækka á næsta ári þegar heilt ár verður undir og breytingarnar verða að fullu komnar til framkvæmda. Innra starf skólanna mun njóta góðs af breytingunum og fjárhagslegum ávinningi þeirra og nú þegar njóta þróunarsjóðir, bókasöfn, mótuneyti, afleysing á leikskólum og fleiri þættir góðs af hagræðingaraðgerðum síðasta árs. Mikilvægt að líta einnig til faglegs ávinnings í þessu samhengi en ábendingar í undirbúningsvinnunni leiddu fram áhyggjur stjórnenda, starfsfólks og foreldra yfir ókostum smárra unglingsdeilda. Mjög skiptar skoðanir um þessi mál í hverfum borgarinnar eins og búast má við enda margar hliðar á öllum málum. Mikilvægt að taka umræðuna og skiptast á skoðunum.

Formaður skóla- og frístundaráðs með glærukynningu – samantekt á henni:

- Farið yfir tímaferlið við undirbúning safnskóla en hugmyndavinna hófst í nóvember 2010.
- Farið yfir þætti sem snúa að félagsmiðstöðinni og tómstundastarfi og þau verkefni sem verið er að vinna að þar með unglingum í hverfinu.
- Farið yfir líðan nemenda samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlsinum en ekki er hægt að finna kerfisbundin frávik í stærstu unglingsdeildum borgarinnar í samanburði við það sem almennt gerist í reykvískum grunnskólum varðandi þætti sem snúa að sjálfsáliti, stjórn á eigin líðan, vanlíðan, kvíða og einelti.
- Farið yfir hlutfallslega þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi eftir ákveðnum skólum (Hamra-, Folda-, Húsa-, Víkur-, Álftamýrar- og Hvassaleitisskóla) út frá könnun sem lögð var fyrir unglinga 2010. Við sameiningu félagsmiðstöðva í fyrrum Korpu- og Víkurskóla dróst aðsókn ekki saman og fjarlægðir virðast ekki draga úr aðsókn í félagsmiðstöðvastarf séu önnur hverfi skoðuð.
- Fjallað um áhyggjur foreldra vegna áhættuhegðunar og erfiðleika við að halda úti virku foreldraeftirliti en mikið hefur breyst í tengslum við áhættuhegðun og unglingsmenningu í Reykjavík síðastliðin 20 ár.
- Farið yfir þau verkefni sem félagsmiðstöðvar eru að vinna og framundan eru, félagsmiðstöðvastarf fyrir börn í 5. – 7. bekk í kjölfar breytinganna, stöðugildi í félagsmiðstöðvarstarfinu og úthlutun fjármagns.
- Fjallað um samgöngur og aukna umferð í kringum Foldaskóla en vegalengdir í skóla aukast og enginn strætó gengur í Hamrahverfið núna. Gerðar hafa verið tilraunir með strætó í Hamrahverfið undanfarin ár en notkun hefur verið lítil. Þau mál eru í skoðun.

- Sýnd loftmynd af Hamra og Foldahverfi. Ekki ætlunin að vera með skólabíl og börnin fá ekki úthlutað strætómiðum þar sem við úthlutun þeirra er miðað við að fjarlægð frá skóla þurfi að vera yfir 2 km sem ekki er tilfellið í Hamrahverfi.
- Sagt frá því að sérdeild fyrir einhverfa nemendur verði áfram starfrækt af sama faglega metnaði og áður en flest rök hníga að því að deildin fari öll yfir í Foldaskóla.
- Sagt frá því að skoðaðir voru kostir og gallar tvískiptingar deildarinnar og að sá kostur að deildin væri áfram óbreytt í Hamraskóla hefði verið útilokaður. Litið til annarra tengdra verkefna í þessu samhengi, s.s. sameiningar Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla árið 2011 og stofnunar nýrrar sérdeildar fyrir einhverf börn í Vogaskóla haustið 2011.
- Gert ráð fyrir að unglingar í sérdeild flytjist yfir í Foldaskóla ásamt öðrum unglungum úr Hamraskóla og að allir nemendur deildarinnar tengist áfram almennum bekkjum. Fleiri bekkir í árgangi opna ákveðna möguleika og hjálpa til við þá þróun sem hefur verið áberandi varðandi sérdeildir og gerir ráð fyrir aldursskiptingu deildanna innbyrðis.
- Sagt frá því að lögð verði áhersla á samvinnu kennara og starfsfólks sérdeildar og kennara og starfsfólks í Foldaskóla og að undirbúningur muni beinast að öllum aðilum skólasamfélagsins.
- Sagt frá því að starfshópur er að störfum með fulltrúum sérdeildarinnar og foreldra. Meðal verkefna hópsins er m.a. að draga fram megináherslur deildarinnar í skólastarfinu í heild. Tilgreindir helstu ráðgjafar- og samstarfsaðilar í málefnum einhverfra.
- Sagt frá því að ekki verður ráðinn nýr skólastjóri þar sem ekki er um nýjan skóla að ræða né sameiningu skóla. Leitað verður allra leiða til að koma megi í veg fyrir að koma þurfi til uppsagna. Áfram verður námsráðgjafi í Hamraskóla.
- Rætt um áhyggjur af hverfisbrag og verðfalli fasteigna ásamt framtíð Hamraskóla. Hverfi með sambærilegum skólum, þ.e. 1. – 7. bekk, hafa státað af mjög góðum hverfisbrag sbr. Fossvogur, Ártúnsholt, Laugardalur, Gerði og Vesturbær. Í þessum hverfum hefur fasteignaverð verið hátt. Skynsamleg nýting á húsnæði skólanna verður skoðuð í framhaldinu og litið til starfsemi sem á samleið með skólastarfi.
- Fjallað um faglegan ávinning og þau markmið sem ná á fram með breytingunum en þau eru að auka hlutfall valgreina, stækka félagslegt umhverfi, auka tækifæri til sérhæfingar kennara á unglíngastigi, auka faglegan styrk kennara og samstarf þeirra á milli, hagræða í rekstri. Ráðgjafahópur frá Menntavísindasviði HÍ vinnur tillögur að faglegu mati í sameiningarmálum SFS. Hamraskóli hefur komið vel út í heildarmati og Foldaskóli einnig. Horfið frá því í lögum að gera kröfur um að val sé um þriðjungur af námstíma á unglíngastigi en ætlast er til að um 20% náms á unglíngastigi sé val. Framboð verður meira í sameinaðri unglíngadeild en verið hefur og hlutfall hærra en verið hefur í skólunum þremur. Valáfangar í smærri skólum, t.d. Hamraskóla, hafa því miður oft fallið niður vegna ónógrar þátttöku.
- Áfram fjallað um faglegan ávinning og nú í tengslum við fjölda nemenda í bekk og fyrirsjáanlega fjölgun nemenda í öllum hverfum. Rannsóknir hafa ekki sýnt fram á óyggjandi tengsl á milli fjölda í bekk og árangurs eða þess hvernig líðan barna er í skólanum.
- Fjallað um hvaða þættir það eru samkvæmt rannsóknum sem hafa áhrif á námsárangur, félagslegan þroska nemenda, aðlögun o.fl. Kom m.a. fram að aldursskipting, nemendafjöldi og ytra skipulag skólastarfs virðast hafa lítil áhrif samanborið við þætti eins og kennsluáðferðir, stjórnun skólans, stuðning foreldra og vinnuhóps, aðstöðu og stuðnings grenndarsamfélagsins. Bekkjarstærðir virðast einnig skipta meira máli á yngri stigum náms. Nokkrar eigindlegar rannsóknir leiða í ljós að

fámennir skólar eru ólíklegri til að geta boðið upp á úrval af valgreinum, sérhæfða aðstöðu eða þjónustu.

- Niðurstöður rannsókna benda líka til þess að helsta tækifærið til að bæta námsárangur á eldri stigum grunnskóla liggja í sérhæfingu kennara.
- Sýnd með línuriti þróun nemendafjölda skólanna þriggja 2005-2015 en útlit er fyrir nokkurn stöðugleika í fjölda barna í Húsaskóla og Hamraskóla en einhverja fækkun í Foldaskóla á tímabilinu.
- Farið yfir tölur varðandi nemendaþróun í skólunum þremur 2005-2015.
- Farið yfir kostnað við breytingarnar en sérþekking faggreinakennara kemur m.a. til með að nýtast fleirum, hagkvæm nýting verður á húsnaði Foldaskóla, hagstæðari nýting á aðstöðu, óverulegur kostnaður við breytingar á sérdeild og ekki fyrirhugaðar breytingar á strætisvagna- og umferðarmannvirkjum en hugað að öryggi á gönguleiðum í þessum hverfum sem og öðrum. Á síðustu fjórum mánuðum þessa árs er áætlað að 14 milljónir sparist við breytingarnar og tæpar 30 milljónir á árinu 2013 og árin þar á eftir en sparnaðurinn verður bæði í skóla- og frístundastarfi.
- Farið yfir samantekt á því helsta sem búið er að vinna í skólunum og áætlað er að gera á næstu vikum og mánuðum. Þar má m.a. nefna fund með bekkjarfulltrúum 7. bekkja til að koma á tengslum, komið á tengslum milli bekkjarfulltrúa 8. og 9. bekkja, sameiginlegar ferðir, fundur skólastjórnenda með umsjónarkennurum í 8. og 9. bekk og vinnufundir mannauðsráðgjafa SFS og skólastjóra vegna starfsmannamála.
- Sagt frá því að mannauðsstjóri SFS og yfirmaður grunnskólamála hafa haldið fundi með skólastjórum um lausn álitamála í starfsmannamálum, að starfsmannaviðtölum í skólunum er að ljúka og að haldnir verða bekkjarfundir þar sem nemendur draga fram það helsta sem þeir vilja sjá í starfinu næsta vetur.
- Sagt frá því að framundan sé að árgangar muni hittast, skipulagsvinna vegna ýmissa þátta í skólastarfinu, t.a.m. samræmingu skóladagatala og skoðunar námsmats hefjist, undirbúningur tilfærslu starfsfólks, fundur með umsjónarkennurum og að stýrihópur greini helstu þætti skólastarfs í hverjum skóla og vinni að skipulagi á grundvelli þeirrar greiningar. Kennarar þurfa faglegt svigrúm vegna flutninga á milli skóla og mikilvægt að kennarar úr Hamraskóla og Húsaskóla komi að þeirri vinnu sem fullgildir þátttakendur.
- Sagt frá því að undirbúningur nemenda felist í verkefnum á vegum skólanna, s.s. bekkjarheimsóknir, samhristingur og ferðir, og á vegum félagsmiðstöðvanna, s.s. uppákomur og verkefni samkvæmt tillögum nemenda og samstarf við skólana í tengslum við breytingarnar.

Oddný sagði að útbúin yrðu svör við spurningunum sem borist hefðu frá foreldrum þannig að þau geti farið á vef skólanna.

3. Fundarstjóri býður Einari Erni Benedikssyni að taka til máls til að fara yfir stöðu mála varðandi strætósamgöngur í Hamrahverfi.

4. Einar Örn tekur til máls.

Kynnti sig en hann er íbúi í Grafarvogi og situr í stjórn Strætó. Strætó hefur áður gengið inn í Hamrahverfi en var lítið notaður. Einar segir að í skoðun sé að inn í Grafarvog komi nýr vagn í kjölfar endurskipulagningar strætóleiða og að hann geti þjónustað Hamrahverfið. Allar nánari útfærslur og hugmyndir frá íbúum varðandi þetta mál eru vel þegnar en mikilvægt að strætó verði valmöguleiki í samgöngum hjá borgarbúum.

5. Fundastjóri býður mælendum á mælendaskrá að koma með innlegg og spurningar.

Jóhannes Kristjánsson – íbúi í Húsahverfi:

Hefur verið gert áhættumat varðandi það hvort þeir krakkar sem koma úr Húsa- og Hamraskóla sé hættara við einelti en fyrir breytingarnar?

Leó – á barn í sérdeild Hamraskóla:

Kallar eftir samráði við foreldra. Hvers vegna voru málefni sérdeildar ekki skoðuð frá upphafi þegar tillögur um breytingarnar voru lagðar fram og á ekki að vera í samráði við foreldra vegna málefna sérdeildarinnar og þessara breytinga?

Marta – foreldri tveggja barna í Hamraskóla:

Fékk ekki svör á fundi í Foldaskóla í desember varðandi ýmsa þætti. Hvenær breyttist fjárhagsleg hagræðing í faglegan ávinning? Vísar í bréf frá formanni skóla- og frístundaráðs frá 12. janúar. Margir hafa verið með varnaðarorð gagnvart breytingunum og það er verið að hunska skoðanir foreldra og íbúa. Hafnar þeirri hugmynd að unglingar í Hamraskóla flytjist yfir í Foldaskóla.

Sveinn Snorri – foreldri barns í Hamraskóla:

Hefur ekki góða reynslu af stærri skólum og það var ekki að ástæðulausu að lítill skóli varð fyrir valinu fyrir hans barn. Erfitt að ná tókum á ástandinu í stórum skólum. Segir nei.

Sigurður Björnsson – íbúi í Hamrahverfi

Þarf að taka mark á sínum viðskiptavinum þ.e. íbúum í Hamrahverfi. Óskar eftir því að heyra í þeim röddum sem hafa verið jákvæðar gagnvart breytingum en þær raddir hafa ekki farið hátt. Vísar í bréf frá Magnúsi Stefánssyni í Maríta-fræðslunni og Oddnýju afhent bréfið.

Árni:

Af hverju eru niðurstöður varðandi safnskóla í norðurhluta Grafarvogs ekki viðraðar en þar var hætt við sameiningu?

Steinar Ingi og Kristín – nemendur í 9. bekk í Hamraskóla:

Gengu í 7. – 9. bekk í Hamraskóla og spurðu nemendur hvað þeir vildu taka með sér yfir í Foldaskóla.

- Strætó nauðsynlegur í hverfið til að komast á milli.
- Verður að brjóta upp bekkina til að forðast klíkuskap. Er símat í Foldaskóla? Er í Hamraskóla og gefst vel. Vilja fá kennara með sér úr Hamraskóla yfir í Foldaskóla, a.m.k. tvo – getur verið erfitt að kynnast nýjum kennurum
Hvað verða margir íþróttatímar á viku?

Jákvætt við breytingar

- Nýir vinir.
- Tilbreyting
- Stærri böll í félagsmiðstöðinni og fjölbreyttara félagslíf.
- Meiri sérhæfing hjá kennurum.
- Góð hugmynd að kjósa í nemendaráð úr öllum skólunum í vor til að raddir allra heyrist. Passa upp á lýðræðishallann sem getur orðið því nemendur í Foldaskóla eru fleiri en í Hamrahverfi og Húsahverfi.

- Raggi í félagsmiðstöðinni á að koma með yfir en hann þekkir krakkana vel.
- Ekki hægt að stökkva heim og sækja dót og gögn.
- Hvernig verður strætókostnaður? (sjá svör á glæru númer níu)
- Vímulaus unglíngadeild í Hamraskóla – vilja sjá það áfram í Foldaskóla. '97 árgangurinn loksins að verða að heild, á að fórna því? Þarf að búa til nýja goggunarröð og það verða slagsmál!
- Erum ekki bara strik í excelskjali.

Gréta:

Fólk hefur valið sér búsetu í hverfinu af því að það er lítið.

Hversu mörgum undirskriftum þarf að safna til að hætt verði við breytingarnar?

Bjarni Júlíusson:

Hefur athugasemd við ferlið. eru til leiðbeiningar um hvernig best er að standa að slíku ferli og því hefur þeim ekki verið fylgt í þessu máli. Margar áhyggjuraddir vegna þessara breytinga og fjárhagslegur sparnaður í skötulíki. Hefur áhyggjur af vegalengdunum. Hlýtur að kosta mikið að fá strætó inn í hverfið. Kallar eftir endurskoðun þessarar ákvörðunar.

Elín:

Tekur fram að hún er foreldrið sem sagði sig úr stýrihópnum í síðustu viku. Hvernig stendur á því að sameining leik- og grunnskóla á að ganga hægt fyrir sig en þegar um unglíngadeildir er að ræða þá á að keyra þetta í gegn á ofsahraða – hvað styður það? Mikið verið rætt um faglegan og fjárhagslegan ávinning í þessu samhengi. Hagsmunum hversu margra barna á að fórna í þessara tilraunastarfsemi?

Ásta Jónsdóttir:

Á barn í Foldaskóla og hefur verið að keyra þarna á milli. Það hafa komið tilmæli frá skólástjóra í Foldaskóla um að reyna að minnka umferð við skólann. Er ansi löng vegalengd fyrir krakkana. Viðbætur við allt það skutl sem fyrir er varðandi tómsundastarf. Vill sjá Foldaskóla betur í stakk búinn að taka við einhverfudeildinni.

Elsa Björk:

Valdi sér búsetu vegna þessa litla skóla sem hér er í Hamrahverfi. Með tíu spurningar varðandi kostnað en Oddný búin að svara þeim flestum í kynningunni. Greinilegt að það sem sparast er óverulegt. Óskar eftir því að fá að sjá útreikninga bæði varðandi sameininguna og hagræðinguna.

Marta:

Mikið talað um valgreinar en mjög gott starf hér í Hamraskóla í íslensku og líka varðandi námsárangur drengja en íslenska og stærðfræði eru kjarnagreinar. Hefur engum dottið í hug að þessi skólar fari í samstarf varðandi valgreinar?

Ingibjörg:

Eru auknar valgreinar eini faglegi ávinningurinn? Óskar eftir frekari svörum.

Eggert:

Varðandi hagsmunaðila – hefur ekki fundið jákvæðar umsagnir fagaðila og vill sjá jákvæðar umsagnir. Hvað ef mælanlegum markmiðum er ekki náð – verður snúið til baka?

Friðborg:

Sameiginlegar ferðir á vegum skólanna - hvað er átt við – hélt að þessar ferðir væru á vegum foreldra?

Bryndís:

Á börn í Húsaskóla. Hvernig verður staðan eftir 5-10 ár - verðum við kannski komin með færanlegar kennslustofur í Foldaskóla vegna fjölgunar barna þar?

Jón:

Á börn í Húsaskóla. Faglegi ávinningurinn snýst greinilega um valið. Lítil hagræðing sem hlýst og strætómálin ekki í lagi. Ekki gott að ekki verður heildstæður skóli í Húsahverfi. Skerðing fyrir skólann t.d. varðandi sérgreinakennslu. Hvað með allan þennan flutning innan hverfisins? Af hverju á ég að upplifa skert þjónustugæði þegar rökin eru engin? Hafa verið hreppaflutningar í öðrum skólum nema hér? Nei takk. Núna er verið að skutla börnum í Korpuskóla – ekki lengri vegalengdir þar. Hvað þarf margar undirskriftir í Húsahverfi til að hætt verði við þetta?

Ingibjörg:

Býr í Borgahverfi. Hvað þarf að safna mörgum undirskriftum þar til að hætt verði við sameiningar þar?

Starfsmaður í Húsaskóla:

Börnin söfnuðu undirskriftum í skólanum – á ekki að taka mark á því?

6. Formaður skóla- og frístundaráðs svarar ofangreindum fyrirspurnum úr sal.

- Spurningar verða settar inn á netið og svörin við þeim.
- Ekki rétt að engin fagleg rök sé fyrir þessu en fólk er ekki endilega sammála um gildi þeirra röksemda sem liggja fyrir. Farið yfir faglegu rökin sem koma fram í glærunum og vísað í rödd unglínganna úr Hamraskóla sem komu inn á kosti þess að kennarar búi yfir sérþekkingu, að fjölbreytni verði meiri í félagslífi og fleiri þættir.
- Vísað í grein tveggja skólastjóra þar sem fjallað er gildi þess að vera með litla eða stóra skóla og farið yfir punkta úr greininni. Stærri unglíngadeildir hafa ákveðna kosti. Til fróðleiks: <http://www.visir.is/litlir-eda-storir-grunnskolar/article/2011110329441>
- Áhyggjur af meiri áhættuhegðun og einelti hafa komið fram en það er ekkert sem styður við það samkvæmt mælingum síðustu ára. Margir foreldrar hafa talað um að smáir hópar séu ekki endilega kostir í unglíngadeildum. Engar kannanir benda til þess að einelti sé meira í stærri skólum, þvert á móti hafa skólar með stórar unglíngadeildir verið að koma afar vel út í eineltismælingum. Áhyggjur margra foreldra og starfsfólks hafa einmitt verið af hinu gagnstæða, að í smáum unglíngadeildum sé erfiðara um vik fyrir unglíngana að finna sér jafningja við hæfi og að einelti eigi auðveldara með að skjóta rótum.
- Samkvæmt skólaláplúsinum. Í stærri unglíngadeildum er betri bekkjarbragur, meiri agi, betri líðan og betri námsárangur. Borgin og önnur sveitarfélög, hérlendis sem og erlendis færu ekki út í slíkar breytingar ef líkur eru á því að áhættuhegðun aukist.
- Sérdeildin hefur ekki gleymst – vísað í glærun 10-14 sem farið var yfir og það ítrekað sem þar stóð. Foldaskóli er vel í stakk búinn til að taka við sérdeild fyrir einhverfa nemendur og það góða starfsfólk sem starfar í sérdeild er lykillinn að farsælu starfi deildarinnar.
- Vísað í póst frá Magnús Stefánssyni í Maríta-fræðslunni um mikilvægi þess að halda vel utan um allar breytingar og það er ætlunin.

- Faglegar áherslur vega þyngst í ferlinu. Verið að leita allra kosta til hagræðinga á sviðinu og það tengt faglegum forsendum. Ekki væri farið út í breytingar á skólastarfi eða í yfirstjórnnum skóla nema það tryggði áframhaldandi gott faglegt starf.
- Breytingarnar sem áætlaðar voru í norðurhlutanum voru mun róttækari en lagt er til með sameiningu unglíngadeilda í sunnanverðum Grafarvogi. Þar var gert ráð fyrir því að Engjaskóli yrði safnskóli eingöngu fyrir unglíngana sem hafði þær afleiðingar að börn í 1. – 7. bekk í Engjaskóla dreifðust á aðra skóla. Mjög skiptar skoðanir voru um það mál í hverfinu á sínum tíma, enda bæði kostir og gallar við breytingarnar. Ekki voru allir á eitt sáttir við að horfið væri frá öllum breytingum í hverfinu á þeim tíma. Umræðan um neikvæða fylgífiska fækkunar barna og unglíngana í Grafarvogi eru fámennar unglíngadeildir. Þróunin er þó sú að komið er til móts við þær áhyggjur án rasks fyrir yngstu börnin, nýr Kelduskóli hefur í fjögur ár með góðum árangri kennt unglíngum í tveimur skólahverfum á öðrum staðnum og nýr Vættaskóli mun kenna unglíngum í tveimur skólahverfum mestmegnis á öðrum staðnum en þó nýta báða skólana sem starfsstöðvar.
- Umboðsmaður barna varar við að niðurskurður bitni á börnunum og borgin hefur haft það að leiðarljósi í sinni vinnu. Lögð áhersla á að hagræða í ytri þáttum en ekki í innra starfi skólanna. Fagleg og góð umsögn Menntavísindasviðs HÍ varðandi breytingar á skólastarfinu var veitt, talsvert af breytingum dregið til baka og gildistöku þeirra frestað, hægt farið af stað í sameiningu leik- og grunnskóla. Í umsögn Menntavísindasviðs HÍ er komið inn á það að fjölmennari unglíngadeildir geti skapað meiri félagslega og námslega fjölbreytni en ítrekað að gefa þurfi tíma til undirbúnings eins og gert er ráð fyrir í þessari vinnu allri.
- Jákvæð viðhorf foreldra skipta höfuðmáli í skólastarfinu hvort sem um breytingarferli eða annað er að ræða.
- Vill ekki gera Rimaskóla að sérstöku umtalsefni hér en mjög margt gott í þeim skóla. Upplifun foreldra af skólum er oft misjöfn og helst ekki í hendur við stærð þeirra. Að öðru leyti vísað í glærur númer 17-19 og rannsóknir á stærðum skóla.
- Raddir hinna jákvæðu verða líka að eiga sinn sess og það verður alltaf að vega og meta hvaða hagsmunir vega þyngst.
- Það er búið að sameina skóla út um allt land undanfarið og víða gengið ansi langt í þeim efnum. Ekki verið að fórna hagsmunum barna í tilraunamennsku.
- Ábendingar góðar frá unglíngunum og taka þarf tillit þeirra við skipulagningu skólastarfsins s.s. varðandi röðun í bekki, símat o.fl. Á næstu vikum og mánuðum munu faghópar kennara og stjórnenda í sunnanverðum Grafarvogi skipuleggja niðurröðun í bekki og ábendingu varðandi símatíð og tilhögun röðunar nemenda í bekki er komið á framfæri. Það er ætlunin að kennarar á unglíngastigi í Hamraskóla fari í Foldaskóla og kenni unglíngum þar í stærra samfélagi.
- Spurningum um fjölda íþróttatíma í Foldaskóla, en þeir hafa verið fleiri í Hamraskóla, er komið á framfæri við Kristinn Breiðfjörð, skólastjóra Foldaskóla.
- Ábending um kosti þess að kennarar sérhæfi sig í meira mæli, náttúrufræðikennarar kenna náttúrufræði bara. Góður undirbúningur fyrir framhaldsskóla. Þakkað fyrir ábendinguna, þetta er einmitt talinn vera einn helsti ávinningur stærri unglíngadeilda.
- Ábending um sameiginlegt unglíngaráð er móttækin, þegar komin til vinnslu.
- Unglígarnir nefndu einnig það sem er jákvætt við breytingarnar. Ábendingum varðandi Ragga í félagsmiðstöðinni er komið til Atla Steins í Gufunesbæ og tekið undir að mikilvægt að tenging verði þarna á milli því krakkarnir treysta á sitt fólk í félagsmiðstöðvastarfinu. Stærri og öflug félagsmiðstöð, ásamt frábærri aðstöðu í Foldaskóla, verður til mikilla hagsbóta fyrir unglíngana í sunnanverðum Grafarvogi.

- Unglingar í Hamraskóla hafa metnað til að standa sig sem vímulaus unglिंगadeild, frábært að finna þann metnað hjá unglिंगum, niðurstöður kannanna benda til þess að á hverju ári bæta reykvískir unglिंगar sig frá fyrri árum.
- Ábending kom um að tryggja áframhaldandi samheldni hjá '97 árgangnum. Við breytingarnar mun hann stækka og fleiri fá tækifæri til að finna sér félag.
- Áhyggjur af goggunarröð. Að öllu þessu þarf að huga, í samráði við unglिंगana sjálfa, kennara og starfsfólk í félagsmiðstöð.
- Unglingar eru ekki bara strik í excel-skjali. Rétt er það, mikilvægustu borgararnir eru unga fólkið, þeirra framtíð og þeirra menntunarmöguleikar sem og félagslegu möguleikar.
- Starfið í stýrihópunum hefur gengið vel. Ljóst er að enginn verður þvingaður til að starfa í stýrihópi á vegum borgarinnar en hvatt hefur verið til þess að foreldrar taki þátt í því að móta skólastarf í skólum sinna barna. Það er miður að fólk vilji ekki taka þátt í þeirri vinnu. Ákveðin leiðarsljós sem starfað er eftir í stýrihópunum halda sér.
- Fólk er frjálst að segja sína skoðun á aðgerðum borgaryfirvalda á hvern þann hátt sem fólk vill. Breytingarnar hafa verið í undirbúningi síðan í ágúst og er undirbúningsvinnan komin vel á veg. Tillagan um breytingarnar í sunnanverðum Grafarvogi var samþykkt í borgarstjórn í apríl 2011. Ekki verður horfið frá breytingunum enda vandséð hvernig borgin nær markmiðum sínum um að standa vörð um innra starf skóla öðruvísi en að fara í breytingar á skipulagi skólastarfs. Breytingarnar eru umdeildar, á því er enginn vafi, en sé litið til reynslu bæði Reykjavíkurborgar, annarra sveitarfélaga og annarra þjóða þá skila þær sínu til baka í þróttmiklu skólastarfi og betri nýtingu fjármuna. Að því er stefnt í þessu tilviki, hér eftir sem hingað til.
- Varðandi það að illa sé staðið að verkefninu þá eru til margar leiðir sem hægt er að fara í þessum efnum. Efast um að önnur sveitafélög hafi farið í jafn viðamikinn undirbúningsfasa og rætt við eins marga hlutaðeigandi, starfsfólk, stjórnendur og foreldra og gert var í þessu máli.
- Ferlinu er lýst á glæru númer tvö. Verklagsreglur sambands íslenskra sveitarfélaga um samrekstur eða sameiningar skólastofnanna voru til hliðsjónar í öllu ferlinu, sem og gátlisti Ríkisendurskoðunar um sameiningar stofnanna. Viðamikið undirbúningsferli tók til um sexhundrað foreldra og starfsmanna, stjórnenda og stjórnmalamanna. Fjárhagslegur sparnaður í hverjum skóla er ekki mikill en borgin þarf ætíð að gæta að heildarhagsmunum. Það munar verulega um sparnað upp á 140 milljónir, sem mun svo aukast þegar breytingarnar ná yfir heilt skólaár, með breytingum af þessari gerð. Faglegu áhrifin eru jákvæð og fjárhagslegur ávinningur er þegar farinn að skila sér inn í innra starf skólanna. Það er best fyrir börnin og skólastarfið sjálft en ekki var verjandi að sækja meiri hagræðingu í innra starf skólanna, nóg var komið af því.
- Borgin hefur fengið hrós frá foreldrum í Grafarvogi þar sem upplýsingaflæði til foreldra vegna vinnu stýrihópanna hefur verið hrósað.
- Upplýsingar um sparnað er að finna í skýrslunni og þar eru þær sundurliðaðar eftir yfirstjórn, hagræðingu í rekstri húsnæðis, hagræðingu vegna hagfelldari bekkjardeilda og fleiri þátta. Lagt af stað með fleiri tillögur en síðan voru samþykktar í borgarsstjórn í apríl 2011. En það sem blasir við núna, eftir að endanlegar tillögur voru samþykktar, er að á skóla- og frístundasviði sparist 138,5 milljónir á þessu ári, sem mun svo aukast þegar breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Hvað viðkemur sunnanverðum Grafarvogi eru það 14 milljónir á þessu ári og 28,5 milljónir þegar breytingarnar eru komnar að fullu til framkvæmda. Þetta svigrúm erum við nú þegar farin að nýta til að styrkja þá þætti í skóla- og frístundastarfi sem hafa verið aðþrengdir undanfarin ár.

- Tæplega 140 milljónir vegna breytinga í yfirstjórnnum skóla og leikskóla og frístundar, sem og vegna breytinga á skólagerðum, getur ekki talist óveruleg upphæð og nemur 2-3% af því fjármagni sem er að einhverju leyti hægt að hreyfa á SFS (er ekki bundið í laun og húsnæði)
- Ekki er hægt að fallast á það sjónarmið að um ofsahraða sé að ræða. Í öllum þeim tilvikum þar sem tillögur til breytinga gerðu ráð fyrir tilfærslu nemanda var heilt skólaár gefið í undirbúning. Undirbúningurinn gengur vel. Ákveðið var eftir samráðsferlið að fara hægar af stað í breytingar á skólalaldi, t.a.m. var öllum sameiningum grunnskóla frestað fram að áramótum en upphaflega áttu þær að ganga í gildi 1. ágúst. Sameining leik- og grunnskóla er breyting á skólagerð og að vel athuguðu máli tók starfshópur um breytingar á skólalaldi ákvörðun um að ráðast einvörðungu í eina slíka breytingu nú síðastliðin áramót. Frekari sameiningum leik- og grunnskóla hefur verið frestað til ársins 2013 en þá er í bígerð að sameina Fossvogsskóla, Kvistaborg og frístundaheimilið Neðstaland. Svör um fjárhagslegan og faglegan ávinning er að finna á glærum númer 17, 18, 19 og 22.
- Varðandi spurningar sem tengjast íbúalýðræði þá hefur ýmislegt verið prófað undanfarið hjá sveitarfélögum í þessum efnum. Ábendingar hafa komið fram í undirbúningsferlinu varðandi áhyggjur foreldra af breytingunum og þær ábendingar hafa komist til skila í vinnuferlinu.
- Varðandi kostnað við að fá strætó í hverfið þá tengist sú vinna eflingu almenningsamgagna í borginni í heild sinni.
- Öflugt starf í Hamraskóla í íslenskukennslu sem hefur virkað vel og það góða starf mun halda áfram. Þessar áherslur hafa ekki verið innleiddar í unglingadeildina ennþá.
- Varðandi það að kennarar fari á milli og kenni valgreinar til að tryggja fjölbreytni eða að þær séu sameiginlegar í samstarfi milli skóla. Það hefur verið reynt en ekki með nógu góðum árangri. Sjá svör á glæru númer 17 varðandi valgreinar, þátttöku og niðurfellingu valgreina í Hamraskóla á síðasta skólaári.
- Kallað hefur verið eftir faglegum rökum og búið að fara yfir þau. Nefnt sérstaklega það sem unglingarnar sögðu sbr. faggreinakennsluna. Hefur víða komið fram mikilvægi þess að fagkennarar einangrist ekki í sínu starfi. Aukið framboð valgreina er ekki eini faglegi ávinningurinn, sjá svör á glærum númer 17, 18 og 19.
- Umsagnir fagaðila voru af ýmsum toga, tóku á umfangi breytinga, undirbúningstímanum og varað var sérstaklega við því að borgin færi of hratt í sameiningu leik- og grunnskóla. Í umsögn MVSHÍ kemur fram að faglegur ávinningur stærri unglingadeilda væri til staðar.
- Vilji til að halda sambærilegan fund í Húsaskóla þar sem þessi kynning í kvöld miðast við Hamraskóla.
- Ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af nemendafjölda í Foldaskóla og húsnæðismálum þar því að aðstæður eru góðar til að taka á móti auknum fjölda.
- Vegalengdir og þátttaka í tómstundum: Allir skólastjórnendur og borgaryfirvöld hafa sameinast um það að hvetja almennt til þess að börn gangi eða hjóli í skólann. Það er lýðheilsuþáttur í sjálfu sér og skapar meira öryggi í kringum skólana við upphaf skóladagsins. Vegalengdir munu aukast, á því er enginn vafi en sé miðað við reynslu annarra hverfa þar sem vegalengdir eru svipaðar og jafnvel lengri þá er ýmist að unglingar gangi, hjóli eða séu keyrdir. Hið sama á við um tómstundastarf en athygli vekur, sbr. glæru númer 6 að 98% unglunga stunda skipulagðar frístundir en vitað er að aðgengi barna og samgöngur eru æði misjafnar eftir hverfum.

7. Fleiri fundargestir taka til máls.

Auður Árný Stefánsdóttir, skrifstofustjóri grunnskóla:

Allir hafa val um það hvort þeir starfa með stýrihópnum. Harmar að fólk hafi sagt sig úr hópnum. Starf hópsins er ekki hafið yfir gagnrýni á neinn hátt.

Kristinn Breiðfjörð, skólastjóri í Foldaskóla:

Staðfestir að ferðir sem vísað er til séu að mestu leyti kostaðar af foreldrum, hér eftir sem hingað til.

Elín:

Sagði sig úr stýrihópnum vegna þess að hún var ósátt við vinnubrögðin í hópnum en úrsögnin tengist ekki persónum í hópnum. Hún reyndi að fá svör við ákveðnum spurningum sem ekki fengust svör við inni í hópnum. Það er fyrst í kvöld sem einhverjum af þessum spurningum er svarað. Annars ágætis samstarf með títt nefndum stýrihópi.

Magnea Lena:

Vísar í bréfasamskipti sem hún átti vegna síðustu fundargerðar frá fundi stýrihóps og les upp úr bréfinu. Segir sig hér með úr stýrihópnum. Finnst eins og Elínu einnig hafa vantað svör við ákveðnum spurningum inni í þessum hópi og þær snúa m.a. að því hvað verður um Húsa- og Hamraskóla eftir breytingarnar. Þeim spurningum er svarað á fundinum.

Eggert Teitsson – foreldri í Hamraskóla:

Les upp ályktun sem hann vill leggja fyrir fundinn. Fundarstjóra afhent ályktunin.

8. Fundastjóri ber ályktun undir fundinn.

Skoðast samþykkt þar sem mikill meirihluti samþykkir hana.

9. Oddný Sturludóttir tekur til máls.

Spurningum sem snúa að framtíð Húsa- og Hamraskóla hægt að svara á þann hátt að það er ekki á teikniborðinu að loka skólum. Taldi framtíðarnýtingu skólahúsnæðis seinni tíma verkefni en sjálfsagt að fara að skoða það mál vegna óska um að sú vinna hefjist. Telur að verið sé að standa vel að þessum breytingum en á þessu máli eru skiptar skoðanir. Ber virðingu fyrir áhyggjum foreldra og öllum frjálst að koma sínum skoðunum á framfæri. Það blasir við að mikið er búið að vera að hagræða í skólakerfinu en með þessum hagræðingum sem nú um ræðir er m.a. verið að skapa svigrúm til koma til móts við þarfir fyrir aukið fjármagn til innra starfs skólanna.

Oddný þakkar fyrir fundinn.

10. Fundi slitið.

Meðfylgjandi er ályktun foreldra sem samþykkt var á fundinum.

Hamraskóla, 1. febrúar 2012.

Hættið við sameiningu!

Ályktun fundar foreldra og íbúa í Hamra- og Bryggjuhverfi

Við, foreldrar og íbúar í Hamra- og Bryggjuhverfi, furðum okkur á þeim ásetningi borgaryfirvalda að flytja unglíngadeild Hamraskóla í safnskóla í Foldaskóla haustið 2012, þrátt fyrir almenna og ítrekaða andstöðu foreldra og íbúa hverfisins og þrátt fyrir umsagnir og varnaðarorð menntamálaráðuneytis og fagaðila.

Engin sannfærandi rök hafa verið færð fyrir sameiningunni. Fjárhagslegur ávinningur virðist í besta falli vera óverulegur og kostnaður við sameininguna óþekkt stærð. Faglegir ágallar eru fjölmargir. Auk þess höfum við sýnt fram á ýmsar neikvæðar afleiðingar af sameiningunni fyrir börnin, skólastarfið, hverfin og umhverfið. Þar að auki er starfsemi Hamraseturs, sérdeildar fyrir einhverf börn við Hamraskóla, þar sem frábær árangur hefur náðst, í fullkominni óvissu og uppnámi.

Hamraskóli skarar fram úr á mörgum sviðum, samanber skýrslu um heildstætt mat á skólastarfinu, og teljum við að sá góði árangur geti verið í hættu með svo mikilli breytingu á skólanum sem niðurlagning þriggja bekkjardeilda er. Við teljum hag barnanna okkar ekki betur borgið með sameiningu unglíngadeilda í safnskóla og hún muni ekki auka velferð þeirra.

Nú, þegar einungis fjórir mánuðir eru eftir af yfirstandandi skólaári, blasa enn við foreldrum fjölmargir óvissuþættir og enn er fjölda spurninga ósvarað um sameininguna og grunnþjónustu í Hamra- og Bryggjuhverfi, þrátt fyrir loforð um samráð og íbúalýðræði. Á fundum skóla- og frístundaráðs, áður menntaráðs, hafa ítrekað komið fram bókanir frá fagaðilum sem gagnrýna framkvæmd og verklag sameiningaferlisins. Við fordæmum hroðvirknisleg vinnubrögð ráðamanna og sættum okkur ekki við þau.

Á þessum grundvelli höfnum við sameiningunni og förum fram á að fallið verði frá henni.